



Hestamannafélagið Jökull

Starfið hjá hinu nýja hestamannafélagi hefur verið umfangsmikið undanfarið árið. Það er búið að fara mikil orka í að koma starfinu af stað. Margir hlutir sem við í stjórninni erum búin að eyða miklum tíma í og læra af.

Eitt af því er að núna erum við orðin eitt af stærstu félögum landsins og þurfum að fara að hugsa þannig.

Árið 2022 byrjaði með námskeiðahaldi fyrir börn og fullorðna. Í febrúar fór hin árlega Uppsveitadeild af stað en í henni eru þrjú keppniskvöld þar sem keppt er í fjörgangi, fimmgangi, tölti og skeiði.

Snemma á árinu fór félagið af stað með þá vinnu að sækja um styrki til sveitarfélaganna fjögurra sem félagið er í. Þau eru Bláskógabyggð, Grímsnes og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Félagið sótti um umtalsverðan fastan styrk sem er árlegur til næstu fimm ára. Öll sveitarfélögin samþykktu einróma og er stjórnin þakklát fyrir góðar undirtektir.

Þann 3. mars var haldinn aðalfundur þar sem kosið var um nafn og fékk félagið sem fram að þessu hafði verið kallað Hestamannafélag Uppsveitanna sitt endanlega nafn. Kosið var úr sjö tillögum og endaði á að nafnið Jökull fékk flest atkvæði. Heitir því félagið hér eftir Hestamannafélagið Jökull.

Á vormisserum samþykkti stjórn að Hestamannafélagið myndi styrkja Reiðhöllina um vökvunarkerfi og jöfnunarherfi. Bæði hafa sannað gildi sín svo um munar. Styrkbeiðnirnar voru endanlega samþykktar á þessum tíma og vinna við að undirbúa knapamerki fór á fullt.

Eitt af því sem þurfti að hreinsa til í var eignarhald á reiðhöllinni. Nokkrir framsýnir einkaaðilar hafa átt eignarhlut í reiðhöllinni frá upphafi og hafa samþykkt að gefa eftir eignarhlutinn til Jökuls. Sú vinna er á lokametrunum.

Fengin var hönnuður til að útbúa Lógó félagsins. Við í stjórn erum mjög ánægð með útkomuna og höfum ekki heyrt annað en að félagsmenn séu það líka.

Sumarið er tíminn sem hestamennskan blómstrar á öllum sviðum og hestamenn uppskera. Skemmtilegt vatnanámskeið var haldið í byrjun júní, kvöldreiðtúr niður með Þjórsá og skipulagning Gæðingamótsins var komin á fullt.

Félagsmenn fóru og kepptu á Landsmóti á Hellu í júlí. Árangurinn var með miklum ágætum. Einnig fóru margir og horfðu á í styttri eða lengri tíma.

Í júlí höldum við okkar stóra árlega Gæðingamót á Flúðum. Skráningarnar á mótið voru um 270 sem gerir þetta að stærsta Gæðingamóti ársins að undanskyldu Landsmóti. Gleðin ræður ríkjum á þessu árlega móti og allir nutu þess að vera í blíðunni sem lék við okkur alla mótsdaga núna.

Farnir voru kvöldreiðtúrar á vegum félagsins. Hittist þá fólk á fyrirfram ákveðnum stað og var riðið í 2-3 klst undir leiðsögn skemmtilegar leiðir. Þetta er komið til að vera og búið að skipuleggja fleiri slíka næsta sumar. Einnig var farinn langur félagsreiðtúr sem byrjaði í Árnesi í austurhluta svæðisins og riðið á nokkrum dögum vestur yfir starfssvæðið og endað á Vallarmóti á Laugarvatnsvöllum.

Vallarmótið er skemmtileg hefð sem lifir sínu eigin lífi. Mótið var haldið í ágúst og heppnaðist vel. Við í stjórninni höfum fulla trú á því að það haldi sínu striki og eigi bara eftir að dafna.

Knapamerkin eru rísa verkefni. Þau fóru af stað í haust. Við vorum svo heppin að fá lánuð 5 hross frá Húsatóftum til að þjónusta krakkanna á haustönn. Þessi 5 hross útskrifuðu 25 krakka í gegnum knapamerki 1. Ljóst er að áhuginn er gífurlegur en aðstöðuleysi virðist aftra flestum krökkum að geta stundað sportið.

Framkvæmdastjóri var ráðinn í ágúst og er Oddrún Ýr Sigurðardóttir okkar fyrsti framkvæmdastjóri. Hún hefur þegar sannað gildi sitt sem framkvæmdastjóri og finnum við sem störfum fyrir félagið að betra utanumhald er um daglegt starf félagsins. Framkvæmdastjóri starfar aðalega með stjórn félagsins, æskulýðsnefnd og stjórn Reiðhallar.

Í lok ágúst fór vökvunarkerfið upp. Miðað við stofnkostnað á því tekur það 5-6 ár að borga sig upp miðað við hvað var verið að borga ýmsum aðilum fyrir að vökva reiðhöllina áður.

Haustfundur og Árshátíð voru skipulögð en skemmtinefnd sá að miklu leiti um Árshátíðina.

Prófað var að vera með haustnámskeið sem hefur ekki verið mikið gert af áður. Bæði var hefðbundið reiðnámskeið fyrir fullorðna og eins Sirkusnámskeið og var góð þátttaka á báðum.

Í nóvember var síðan haldinn stór haustfundur með stjórnnum og nefndum á vegum félagsins og vetrarstarfið skipulagt. Fundurinn heppnaðist vel og þykir okkur líklegt að við höldum áfram með slíka fundi. Fólk náði að hittast og sjá fyrir sér starfið og skipuleggja í rólegheitum.

Seinna sama dag höldum við okkar fyrstu árshátíð í Árnesi og mættu þar rúmlega 100 manns og skemmtu sér vel saman. Nú erum við búin að ná hrollinum úr okkur og sjá að við getum haldið Árshátíð. Árshátíðin 2023 verður bara ennþá stærri og betri.

Um mánaðarmótin nóv-des voru haldnir tveir skemmtilegir viðburðir. Þetta var annarsvegar sýnikennsla með Jakobi Svavari Sigurðssyni og Helgu Unu Björnsdóttur og svo var líka

fyrirlesturinn “Afhverju forum við með hross í kynbótadóm?” þar sem Gísli Guðjónsson kynbótadómari var með mjög fróðlegt og skemmtilegt erindi.

Uppsveitadeildin rúllaði ljúft af stað núna í febrúar og námskeið hjá börnum og fullorðnum hófust í lok janúar. Í janúar og febrúar hefur stjórn verið að undirbúa aðalfund og horfa fram á veginn.

Verkefni um félagshesthús er risa verkefni sem stjórnin telur að þurfi að taka umræðu um. Þetta er verkefni sem stóru félögin eru öll búin að fara í eða eru með í bígerð. Það virðist vera að þetta sé forsendan fyrir öflugri nýliðun í dag.

Stjórnin þakkar öllum nefndum og félagsmönnum fyrir gott samstarf undanfarið árið.

Fyrir hönd stjórnar:

Bragi Viðar Gunnarsson

Formaður